

Ár 2002, miðvikudaginn 6. febrúar, var af Yfirfasteignamatsnefnd í málinu nr. 151/2001 kveðinn upp svohljóðandi

ÚRSKURÐUR

Með bréfi dags. 11. október 2001 kærði Hilmar Sigurðsson, viðskiptafræðingur, f.h. Guðmundar Finnbogasonar, kt. 100135-3029, og Roswitha Finnbogason, kt. 050538-6059, endurmat Fasteignamats ríkisins á brunabótamati húseignar þeirra að Fannafold 165, Reykjavík (fastanúmer 204-1424), sem tók gildi þann 15. september 2001.

Í kærubréfi segir m.a.:

“Undirritaður fyrir hönd eigenda fer hér með fram á endurmat á tilgreindri eign er varðar brunabótamat eignarinnar, ekki verður unað við að brunamat eignarinnar sé skert um þriðjung frá fyrra mati, án þess að til þess liggi viðunandi skýringar.

Þess ber að geta að samkvæmt sögn eigenda hefur engin matsmaður tekið út viðkomandi eign frá því hún var í byggingu, en frá þeim tíma hafa verið gerðar verulegar endurbætur og viðbætur á eigninni, sem væntanlega þarf að taka tillit til.”

Yfirfasteignamatsnefnd óskaði með bréfi dags. 22. nóvember 2001 eftir umsögn Fasteignamats ríkisins um framangreinda kæru. Umsögn af hálfu stofnunarinnar er dags. 14. janúar 2002, en þar segir m.a.:

“Niðurstaða endurmats brunabótamats vegna húseignar að Fannafold 165 í Reykjavík byggir á upplýsingum um framangreinda eign sem skráðar eru í Landskrá fasteigna auk upplýsinga um eignina sem fengust við síðustu skoðun hennar 3. apríl 1987. Um er að ræða 181,3 fm. húseign úr timbri sem samanstendur af íbúð 127,5 fm., garðskála 18,0 fm. og bílskúr 35,8 fm. Hjálagt fylgir yfirlit hinnar kærðu eignar, en þar kemur m.a. fram að byggingarár hússins er 1986 og afskriftarár hið sama.”

Niðurstaða

Í 10. mgr. 2. gr. laga um brunatryggingar nr. 48/1994, sbr. lög nr. 34/1999, er heimild til að reikna brunabótamat án skoðunar á grundvelli upplýsinga sem fyrir hendi eru. Í athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að ekki þurfi að meta á grundvelli skoðunar á staðnum ef að mati stofnunarinnar liggi fyrir fullnægjandi upplýsingar.



Samkvæmt umsögn Fasteignamats ríkisins byggði niðurstaða endurmats brunabótamats á fasteign kæranda að Fannafold 165 m.a. á upplýsingum sem fengust við síðustu skoðun eignarinnar þann 3. apríl 1987. Í kærubréfi er getið um verulegar endurbætur og viðbætur á eigninni án þess þó að þær séu nánar tilgreindar. Með hliðsjón af því og aldri þeirra upplýsinga sem fyrir lágu hjá Fasteignamatinu verður að telja að ekki hafi legið fyrir fullnægjandi upplýsingar við endurmatið. Málinu er því vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.

ÚRSKURÐARORD:

Málinu er vísað til Fasteignamats ríkisins til nýrrar meðferðar og ákvörðunar.



Pétur Stefánsson


Guðný Björnsdóttir
Guðmundur Magnússon